

## Samkeppni um vegglistaverk

Ákveðið hefur verið að halda samkeppni milli nemenda MH um vegglistaverk á gang milli Norðurkjallara og Undirheima. Nemendur MH eða hópur nemenda getur sent inn skissur af verkum í samkeppnina. Valin verða fjögur verk sem hæfa umhverfinu en í valnefnd verða fulltrúi myndlistarkennara, fulltrúi nemenda úr listaráði, skólastjórnarfulltrúi nemenda og fulltrúi stjórnenda. Skólinn greiðir kostnað vegna efniskaupa, þ.e. málningarkaupa og pensla. Gert er ráð fyrir að verkin á veggina fjóra séu frá mismunandi nemendum/hópum nemenda.

Frestur til að skila inn góðum skissum er til og með 15. mars nk. Stefnt er að því að verkin yrðu máluð á veggina fyrir annarlok. Hugmyndum skal skila á netfangið [rektor@mh.is](mailto:rektor@mh.is)

Eftirfarandi svæði verða skreytt:

**Veggur 1:** 310cm lengd og hæð 250cm



**Veggur 2:** 190cm lengd og hæð 190cm



**Veggur 3:** 375cm lengd og hæð 190cm



**Veggur 4:** 380cm lengd og hæð 250cm

